



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinn þriðjudaginn 26.04.2016 kl. 17:15

Mættir: Sigurður Bjarnason, Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ), Kristján B. Thorlacius, Ásta Kristjánsdóttir, Þorsteinn Júlíus Árnason, Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir og Sigríður Dís Guðjónsdóttir. Einnig sat fundinn Jóhannes Egilsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina.

Fundargerð

Formaður, Sigurður Bjarnason, setti fund og stýrði.

1. Fundargerð aðalstjórnarfundar frá 22. Mars lögð fyrir og samþykkt.
2. Heiðranir á aðalfundi
 - Framkvæmdastjóri fór yfir tilnefningar til heiðrana á aðalfundi.
 - Þeir sem hljóta koparstjörnu, silfurstjörnu og gullstjörnu.
 - Tilnefningar til viðurkenninga, þjálfari ársins, deild ársins og íþróttamaður ársins
 - Þjálfari ársins: Nicleas Jerkeholt þjálfari mfl. kvk í hópfimleikum
 - Deild ársins: Hlaupahópur Stjörnunnar
 - Íþróttamaður ársins: Dagfinnur Ari Norðmann – lyftingadeildinni.
 - Tilnefning til félagsmálaskjaldarins
 - Halldór Sigurðsson
 - Einnig var ákveðið að veita Almari Guðmundssyni, Sigurði Guðmundssyni og Lúðvíki Erni Steinarssyni gullstjörnu á næsta þorrblóti Stjörnunnar.
 - Tilnefningarnar voru samsþykktar. Texti um heiðranir má sjá í viðauka.
3. Nýr formaður körfuknattleiksdeildar
 - Hilmar Júlíusson formaður körfuknattleiksdeildar hefur ákveðið að hætta starfi sem formaður deildarinnar og tilnefnið Skarhédinn Eiríksson sem nýjan formann deildarinnar.
 - Sigurður Bjarnason formaður UMF Stjörnunnar átti fund með Hilmar og Skarphéðni og styður tilnefninguna.
 - Aðalstjórn UMF Stjörnunnar samþykkir tillöguna og býður Skarphéðinn velkominn til starfa og þakkar Hilmar fyrir mikið og óeigingjarnt starf í þágu deildarinnar.
4. Ársreikningar lagðir fram
 - Páll Grétarsson fjármálastjóri félagsins og Ómar Kristjánsson endurskoðandi félagsins kynntu ársuppgjör félagsins.
 - Rekstur Stjörnunnar skilaði rúmlega 18 milljóna króna hagnaði árið 2015. Stefna aðalstjórnar hefur verið sú að skila félaginu með jákvæðum rekstrarafgangi en í niðurstöðu ársins munar þó mestu um fjárhagslegan ávinning meistaraflokks karla í knattspyrnu vegna



árangurs í Evrópukeppninni. Eigið fé aðalstjórnar nemur nú tæpum níu milljónum króna. en mikilvægt er að það haldi áfram að aukast og nái að jafngildi bókfærðu virði Stjörnuheimilisins, sem er nú tæpar 29 m.kr.

5. Staða á félagsgjöldum

- Framkvæmdastjóri kynnti stöðuna á greiðslu félagsgjalda og næstu skrefum í verkefninu.
 - Markmiðið er að ná um 400 greiðandi félagsmönnum fyrir aðalfundinn þann 11. maí.

6. Önnur mál

- Framkvæmdastjóri kynnti ráðningu nýs rekstrarstjóra fimleikadeildar en Björt Baldvinsdóttir mun taka við starfinu í júní.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00. Ritað J.Egils



Viðauki

Heiðranir á aðalfundi

Gullstjarnan

Gullstjarnan er heiðursviðurkenning sem veitt til þeirra sem hafa starfað eða keppt fyrir félagið í amk 10 ár.

Einar Einarsson

Einar Einarsson spilaði allan sinn feril með Stjörnunni frá 12 ára aldri fyrir utan þrjú tímabil. Árið 1987 var hann í hinu sögufræga liði Stjörnunnar sem hampaði fyrsta bikarmeistaratitli í sögu mfl karla hjá félaginu. Einar var þjálfari mfl kk í handbolta frá 1998-2001, formaður handknattleiksdeildar um tíma og hefur undafarin ár komið sterkt að fjáröflun fyrir meistaraflokksstarf deildarinnar.

Valdimar Kristófersson

Valdimar er uppallinn Stjörnumaður og æfði knattspyrnu upp alla yngri flokka. Valdimar lék með meistaraflokki Stjörnunnar frá 1986 til 2006 og var fyrsti uppaldi leikmaður Stjörnunnar sem spilaði fyrir Íslenska A landsliðið. Hann var aðalþjálfari mfl karla frá 2002-2004 auk þess sem hann þjálfaði yngri flokka hjá félaginu um nokkur ára skeið.

Valdimar hefur verið dyggur stuðningsmaður Stjörnunnar í skrifum sínum í Garðapóstinum frá árinu 1999 og hafa allar deildir, flokkar og félagið í heild sinni notið góðs umfjöllun hans.

Ingvar Ragnarsson

Ingvar spilaði knattspyrnu, handbolta og blak með Stjörnunni frá blautu barnsbeini. Ingvar lék yfir 300 leiki með mfl kk í handbolta og spilaði með Stjörnunni allan sinn feril.

Undanfarin 8 ár hefur Ingvar verið hluti af skipulagsnefnd Herrakvölds Stjörnunnar, sem er ein helsta fjáröflunarleið handknattleiksdeildar., auk þess að hafa tekið að sér ýmis verkefni fyrir félagið.

Skúli Gunnsteinsson

Skúli Gunnsteinsson hefur starfað í kringum handknattleiksdeildina frá árinu 1983. Hann lék með yngri flokkum deildarinnar og var snemma farinn að spila með mfl karla og aðeins 21 árs var hann fyrirlíði liðsins og hampaði m.a. fyrsta bikarmeistaratitli mfl karla árið 1987. Skúli hefur einnig verið þjálfari meistaraflokks karla og kvenna auk þess sem hann hefur verið mikilvægur í fjáröflun fyrir meistaraflokksstarfið til fjölda ára.

Jóhann Steinar Ingimundarson

Jóhann Steinar Ingimundarson hlýtur Gullstjörnu fyrir meira en aldarfjórðungs starf fyrir Stjörnuna.

Hann er mikill áhugamaður um vöxt og viðgang félagsins okkar.

Jói hefur lagt gjörva hönd á margt, allt frá því að vera á kústinum í handboltanum í að sitja í aðalstjórn félagsins um árabil, síðustu árin sem formaður.



Þá hefur hann tekið þátt í foreldrastarfi í knattspyrnu og körfubolta. Verið liðsstjóri mfl karla í knattspyrnu og sinnt öryggisgæslu á heimaleikjum fótboldans og körfunnar.

Íþróttamaður Stjörnunnar

Dagfinnur Ari Normann er kraftlyftingamaður og hefur æft íþróttina með Lyftingadeild Stjörnunnar síðan 2011 og lengur á eigin vegum. Áhersla hans er á keppnisgreinarnar, hnébeygju, bekkpressu og réttstöðulyftu.

Dagfinnur keppti fyrir Íslands hönd á NM unglunga í klassískum kraftlyftingum í Finnlandi vorið 2015. Hann gerði sér lítið fyrir og sótti Norðurlandameistaratilinn ásamt því að setja Íslandsmet í bekkpressu. Síðar á árinu varð hann svo Íslandsmeistari á báðum Íslandsmeistaramótunum í hefðbundnum og klassískum kraftlyftingum. Hann setti Íslandsmet í öllum greinum á báðum mótunum og eftir árið á Dagfinnur öll Íslandsmet í sínum flokki ásamt nokkrum öðrum, 25 met samtals. Dagfinnur er öðrum til fyrirmyndar, hvort sem lítið er til ástundunar, matarræðis eða félagsanda. Hann hefur ávallt sýnt mjög íþróttamannslega framkomu á vegum félagsins og er mjög vel liðinn af öllum sem verða á vegi hans. Dagfinnur hefur aðstoðað við þjálfun og leiðsögn á nýjum meðlimum og tekið virkan þátt í félagsstörfum.

Dagfinnur Ari er íþróttamaður Stjörnunnar 2015

Þjálfari ársins

Nicelas Jerkeholt er útnefndur þjálfari ársins 2015

Nicelas hefur náð glæsilegum árangri með meistaraflokk kvenna í hópfirmleikum. Liðið er nú handhafi þriggja stærstu titlana sem í boði eru í íþróttinni. Niclaes styrði liðinu til sigurs þegar liðið fagnaði Íslandsmeistaratilinum eftir frábæra frammistöðu og endaði þar með 9 ára samfellda sigurgöngu Gerplu. Í vetur fór liðið fram úr öllum væntingum á Norðurlandamótinu þegar það tryggði sér Norðurlandameistaratilinn í fyrsta skipti í sögu félagsins í hópíþróttum.

Þrennan var svo gulltryggð fyrir í vetur þegar liðið hampaði bikarmeistaratilinum í hópfirmleikum og er því handhafnandi þriggja stærstu titlana í hópfirmleikum. Nicelas hefur verið yfirþjálfari hjá fimleikadeild Stjörnunnar síðan 2007 og er vel að viðurkenningunni kominn.



Deild ársins

Hlaupahópur Stjörnunnar fær nafnbótin deild ársins 2015.

Hlaupahópur Stjörnunnar

"Hlaupahópurinn hefur vaxið jafnt og þétt frá stofnun hans árið 2012. Að meðaltali eru um 100 meðlimir í hópnum.

Á skömmum tíma varð Hlaupahópur Stjörnunnar á meðal stærstu hlaupahópa landsins. Mikið og öflugt starf hefur verið unnið innan hópsins þar sem boðið er upp á öflugra þjálfara, góða aðstöðu og lagt metnað í að taka vel á móti nýliðum.

Kraftur og metnaður einkennir hlaupahóp Stjörnunnar og í fyrra tók hópurinn við Stjörnuhlaupinu og setti ný viðmið við framkvæmd hlaupa á Íslandi. Hlaupið tókst afar vel og voru um 350 keppendur sem tóku þátt. Í ár hefur svo hlaupahópurinn tekið við framkvæmd kvennahlaups ÍSÍ í Garðabæ og er mikill metnaður lagður í verkefnið.

Hlaupahópur Stjörnunnar er mikilvægur þáttur í bæjarbrag Garðabæjar og setur skemmtilega mynd á samfélagið þegar hópur skærgultra hlaupara fara um bæinn. Öflugt félagslíf og heilbrigður lífstíll er það sem einkennir hópinn.

Félagsmálaskjöldur UMF Stjörnunnar

Halldór Sigurðsson hlýtur félagsmálaskjöldinn í ár.

Halldór hefur starfað sem sjálfboðaliði fyrir félagið í um 25 ár. Hann byrjaði eins og flestir í foreldrastarfinu með börnum sínum og fylgdi þeim upp flokkana í gegnum árin og vann mikið starf í foreldrafélögunum. Hann hefur setið við hliðarlínuna í handboltanum síðustu 10 ár og sinnt starfi klukkuvarðar. Hann tók tímabundið við formennsku handknattleiksdeildar og átti mikinn þátt í að koma deildinni úr öldual á þeim tímavarki.

Halldór stofnaði í félagi við aðra öldungablakið hjá Stjörnunni og hefur verið viðloðandi starf blakdeildar síðustu fjögur ár. Halldór hefur verið ötull talsmaður blakdeildar fyrir uppsetningu strandblaksvalla og sökkst sér ofan í verkefnið fyrir hönd blakdeildarinnar.

Halldór þykir afar handlaginn og hefur það nýst Stjörnunni margsinnis í ýmsum verkefnum svo sem við smíði og uppsetningum á allskyns hlutum sem handknattleiksdeild og blakdeild hafa haft þörf fyrir. Halldór er sannkallaður reddari.

Halldór er verðugur handhafi félagsmálaskjaldar UMF Stjörnunnar